

Mál nr. 62/2007
M og
Vátryggingafélagið V-1 v A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á Hafnarfjarðarvegi þ.18.12.2006.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ. 15.3.2007
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 38/07
3. Lögregluskýrsla dags. 18.12.2006
4. Bréf V-2 dags. 31.1.2007 og 23.3.2007
5. Bréf H dags. 9.3.2007

Málsatvik.

Árekstur varð með A og B á Hafnarfjarðarvegi á mótsi við Kópavogslæk. Í lögregluskýrslu segir að samkvæmt upplýsingum á vettvangi muni ökumaður A hafa misst A upp á vinstri vegkant við norðurenda vegriðs sem er á milli akbrauta Hafnarfjarðarvegjar og A lent á vegriðinu og farið aftur inn á vinstri akrein og ökumaður við það misst stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðinum að hún snérist á akbrautinni og B sem kom á eftir lent á framenda A. Ökumaður A segist lítið muna og telur sig hafa verið á eðlilegum umferðarhraða áður en óhappið varð. Ökumaður B segist ekki hafa getað komið í veg fyrir árekstur en hann hafi ekið á um 70 km. hraða. Í umsögn sem höfð er eftir honum síðar segir að bifreið hafi ekið fram úr B á vinstri akrein og fært sig snögglega yfir á hægri akrein og hafi hann þá ekið B yfir á vinstri akrein en þá hafi A blasað við og snúið öfugt á veginum og árekstur orðið þrátt fyrir að hann reyndi að koma í veg fyrir hann. Vitni segist hafa séð þegar A byrjaði að snúast og árekstur orðið.

Álit.

Ástæða árekstursins var að ökumaður A missti stjórn á A. Ekki hefur verið sýnt fram á í málinu að ökumaður B hafi ekið með þeim hætti að sök verði felld á hann. A ber því alla sök.

Niðurstaða.

A ber alla sök.

Reykjavík 12.4. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.